

Velkomin til Íslands
Sveiki atvirkę į Islandiją



Informacinė knygelė
užsieniečiams, atvykusiems
gyventi į Islandiją

EEA & EFTA STATES

LITHÁÍSKA

IS/LT

LIETUVIŲ KALBA

FYRSTU SKREF RÍKISBORGARA EES- OG EFTA-RÍKJA

PIRMIEJI EEA IR EFTA ŠALIŲ PILIEČIŲ ŽINGSNIAI ISLANDIJOJE

EFNISYFIRLIT

Fyrstu skref ríkisborgara EES- og EFTA-ríkja	4
Ísland í hnotskurn	6
Hátíðisdagar og frídagar	8
Lög og reglur	10
Lögleg búseta á Íslandi	12
Sjúkratryggingar	18
Vinna á Íslandi	20
Skattar	24
Greiðslur til barnafjölskyldna	26
Heilbrigðisþjónusta	30
Húsnæði	34
Þjónusta sveitarfélaga	36
Skólakerfið	38
Framhaldsnám	42

TURINYS

/ 3 /

Pirmieji EEA ir EFTA šalių piliečių žingsniai Islandijoje	5
Trumpai apie Islandiją	7
Šventinės ir poilsio dienos	9
Įstatymai ir taisyklės	11
Legalus gyvenimas Islandijoje	13
Sveikatos draudimas	19
Darbas Islandijoje	21
Mokesčiai	25
Išmokos vaikus auginančioms šeimoms	27
Medicinos paslaugos	31
Būstas	35
Socialinės savivaldybių paslaugos	37
Švietimo sistema	39
Tolesnės studijos	43

FYRSTU SKREF RÍKISBORGARA EES- OG EFTA-RÍKJA

Upplýsingarnar í þessum bæklingi eru fyrir ríkisborgara **Austurríkis, Belgíu, Danmerkur, Eistlands, Finnlands, Frakklands, Grikklands, Hollands, Írlands, Ítalíu, Kýpur, Lettlands, Liechtensteins, Litháens, Lúxemborgar, Möltu, Noregs, Portúgals, Póllands, Spánar, Slóvakíu, Slóveníu, Stóra-Bretlands, Svíþjóðar, Tékklands, Ungverjaland, Þýskalands og Sviss**. Upplýsingarnar eru einnig fyrir ríkisborgara **Rúmeníu og Búlgaríu** sem koma hingað til lands í *öðrum tilgangi en að stunda launaða vinnu*. Ríkisborgarar **Rúmeníu og Búlgaríu**, sem koma hingað til lands til að stunda launaða vinnu, þurfa dvalar- og atvinnuleyfi. Þeir njóta hins vegar að mörgu leyti sömu réttinda varðandi þjónustu og flutning réttinda á milli landa.

/ 4 /

UPPLÝSINGAR OG RÁÐGJÖF

Mikilvægt er að hafa í huga að vegna alþjóðlegra samninga, svo sem á milli Norðurlandanna og aðildarríkja að EES- og EFTA-samningunum, gilda mismunandi reglur eftir ríkisfangi. Þessi bæklingur er eingöngu ætlaður ríkisborgurum þeirra ríkja sem talin eru upp á forsiðu bæklingins. Í bæklingnum, *Fyrstu skref ríkisborgara utan EES- og EFTA-ríkjanna*, eru upplýsingar fyrir önnur þjóðerni. Bæklinginn, ásamt öllum helstu upplýsingum um íslenskt samfélag, má nálgast á vef Fjölmenningsseturs (www.mcc.is).

Hjá Fjölmenningssetri og EURES er unnt að fá upplýsingar um flest er varðar innflytjendamál, íslenskt samfélag, íslenskukennslu, réttindi og skyldur, túlka- og þýðingþjónustur og fleira.

- **Fjölmenningssetur (www.mcc.is).**

Símar: **450 3090** (íslenska/enska),
470 4702 (taíleska),
470 4705 (spænska),
470 4706 (litháíska),
470 4707 (rússneska),
470 4708 (pólska),
470 4709 (serbneska/króatíska)

- **Eures (www.eures.is).**

Sími: **544 7600**

Upplýsingar um erlend sendiráð og ræðisskrifstofur er að finna á vef utanríkisráðuneytisins (www.utanrikisraduneyti.is/verkefni/sendio-og-raedis-skrifstofur/islenskar/nr/41).

EEA IR EFTA ŠALIŲ PILIEČIŲ ŽINGSNIAI ISLANDIJOJE

Ši informacinė knygelė skirta **Airijos, Austrijos, Belgijos, Čekijos, Danijos, Didžiosios Britanijos, Estijos, Graikijos, Ispanijos, Italijos, Kipro, Latvijos, Lenkijos, Lichtenšteino, Lietuvos, Liuksemburgo, Maltos, Nyderlandų, Norvegijos, Portugalijos, Prancūzijos, Slovakijos, Slovėnijos, Suomijos, Švedijos, Šveicarijos, Vengrijos ir Vokietijos** piliečiams. Knygelė taip pat skirta ir **Rumunijos** bei **Bulgarijos** piliečiams, atvykusiems į šalį ne darbo tikslais. Darbo tikslais į šalį atvykstantys **Rumunijos** bei **Bulgarijos** piliečiai turi gauti leidimą gyventi ir dirbti. Tačiau, daugeliu atvejų, šių šalių piliečiai turi tokias pačias teises į įvairias paslaugas bei savo teisių perkėlimą.

INFORMACIJA IR KONSULTACIJOS

Svarbu žinoti, kad dėl tarptautinių susitarimų tarp Skandinavijos ir EEE bei EFTA šalių, skirtingų šalių piliečiams galioja skirtingos taisyklės. Ši knygelė yra skirta tik anksčiau išvardintų šalių piliečiams. Knygelėje Pirmieji ne EEE ir EFTA šalių piliečių žingsniai yra pateikiama informacija kitų šalių piliečiams. Knygelę bei kitą naudingą informaciją apie islandų visuomenę rasite Tarptautinio kultūros ir informacijos centro (Fjölmenningarsetur) tinklalapyje (www.mcc.is).

Tarptautinis kultūros ir informacijos centras bei EURES teikia svarbiausią informaciją imigracijos klausimais: apie islandų visuomenę, islandų kalbos kursus, teises ir pareigas, vertimus žodžiu ir raštu bei kita.

- **Tarptautinis kultūros ir informacijos centras** (Fjölmenningarsetur www.mcc.is).
Telefonai: **450 3090** (islandų/anglų kalbomis),
470 4702 (tajų kalba),
470 4705 (ispanų kalba),
470 4706 (lietuvių kalba),
470 4707 (rusų kalba),
470 4708 (lenkų kalba),
470 4709 (serbų/kroatų kalbomis).
- **Eures** (www.eures.is).
Telefonas: **544 7600**

Informaciją apie užsienio ambasadas ir konsulatus rasite Užsienio reikalų ministerijos (Utanríkisráðuneyti) tinklalapyje (www.utanrikisraduneyti.is/verkefni/send-i-og-raedisskrifstofur/islenskar/nr/41).



ÍSLAND Í HNOTSKURN

Höfuðborg: Reykjavík (www.reykjavik.is)

Opinbert tungumál: Íslenska

Tímabelti: UTC + 0 (enginn sumartími)

Þjóðarlén: .is

Landsnúmer: +354

Íbúaföldi 2011: 318.500

Þjóðsöngur: Lofsöngur

Stjórnarfar: Lýðveldi með þingbundinni stjórn

Stjórnsýsla: Ríki og sveitarfélög

/ 6 /

Ísland er meðal annars aðili að samningnum um Evrópska efnahagsvæðið (EES), Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA), Atlantshafsbandalaginu (NATO), Norðurlandaráði og Schengen-samstarfinu.

Peningar

Gjaldmiðillinn er króna – ISK. Bankar skipta gjaldeyri. Flestar verslanir, fyrirtæki og leigubílar taka greiðslukort (debet og kredit). Ekki er víst að tekið sé við erlendum gjaldeyri í verslunum.

Netið

Aðgangur að Netinu er frír á mörgum kaffihúsum og víðar ef komið er með eigin tölvu. Netaðgangur er einnig ódýr eða ókeypis á upplýsingamiðstöðvum og bókasöfnum.

Saga

Ísland var hluti af danska konungsveldinu en fékk fullt sjálfstæði 17. júní 1944 þegar það varð lýðveldi. Árið 1904 fékk Ísland heimastjórn og 1918 hlaut það fullveldi. Áður en Ísland laut stjórn Danmerkur var það hluti af norska konungsveldinu.

Trú

Um 80% landsmanna tilheyrja þjóðkirkjunni sem er evangelísk-lútersk.

Um leið og sótt er um lögheimili er hægt að sækja um aðild að einhverju þeirra trúfélaga sem eru skráð á Íslandi og eru talin upp á þar til gerðu umsóknareyðublaði (www.skra.is/pages/1037).

TRUMPAI APIE ISLANDIJĄ

Sostinė: Reikjavikas (www.reykjavik.is)

Valstybinė kalba: islandų kalba

Laiko juosta: UTC + 0 (vasaros laiko netaikomas)

Šalies domenas: .is

Šalies tel. kodas: +354

Gyventojų skaičius 2011: 318.500

Valstybinis himnas: Islandijos himnas

Politinė sistema: demokratinė parlamentinė valstybė

Administracija: valstybė ir savivaldybės

171

Islandija yra Europos ekonominės erdvės (EEE), Europos laisvosios prekybos asociacijos (EFTA), Šiaurės Atlanto sutarties organizacijos (NATO), Šiaurės tarybos ir Šengeno erdvės narė.

Valiuta

Valiuta yra Islandijos krona – ISK. Bankai keičia valiutą. Daugelyje parduotuvių, firmų ir taksi galima atsiskaityti mokėjimo kortele (debetine ir kreditine). Tik kai kuriose parduotuvėse galima atsiskaityti užsienio valiuta.

Internetas

Daugelyje kavinių bei kitose vietose galima nemokamai prisijungti prie interneto, jei yra naudojamas savo kompiuteriu. Bibliotekose bei informacijos centruose taip pat yra teikiamos nebrangios arba nemokamos interneto paslaugos.

Istorija

Islandija buvo Danijos monarchijos dalis, o 1944 m. birželio 17 d. Islandijai buvo suteikta visiška nepriklausomybė ir ji paskelbta respublika. 1904 m. Islandijai buvo suteikta savivalda, o 1918 m. ji įgijo suverenitetą. Prieš tampant Danijos monarchijos dalimi Islandija priklausė Norvegijos monarchijai.

Tikėjimas

Apie 80% šalies gyventojų yra protestantai, išpažįstantys evangelikų liuteronų tikėjimą. Deklaravus gyvenamąją vietą galima tapti Islandijoje registruotų religinių organizacijų nariu. Religines organizacijas ir anketas rasite tinklalapyje (www.skra.is/pages/1037).

HÁTÍÐISDAGAR OG FRÍDAGAR

Stórhátíðisdagar

- Nýársdagur (1. janúar)
- Föstudagurinn langi
- Páskadagur
- Hvítasunnudagur
- 17. júní (þjóðhátíðardagur Íslendinga)
- Aðfangadagur (24. desember) eftir klukkan 12.00
- Jóladaður (25. desember)
- Gamlársdagur (31. desember) eftir klukkan 12.00

/ 8 /

Ef unnið er á þessum dögum er greitt samkvæmt svokölluðum stórhátíðartaxta sem er hærri en hefðbundinn yfirvinnutaxti.

Almennir frídagar

- Annar í jólum (26. desember)
- Skírdagur
- Annar í páskum
- Sumardagurinn fyrsti
- Uppstigningardagur
- 1. maí (alþjóðlegur frídagur verkafólks)
- Annar í hvítasunnu
- Fyrsti mánudagur í ágúst (frídagur verslunarmanna)

Þegar unnið er á þessum dögum er starfsmanni greitt yfirvinnukaup.

ŠVENTINĖS IR POILSIO DIENOS

Šventinės dienos

- Naujųjų metų diena (sausio 1 d.)
- Didysis penktadienis
- Velykos
- Sekminės
- Birželio 17 d. (Islandijos nepriklausomybės diena)
- Kūčios (gruodžio 24 d.) po 12.00 val.
- Kalėdos (gruodžio 25 d.)
- Naujųjų metų išvakarės (gruodžio 31 d.) po 12.00 val.

/ 9 /

Dirbant šventinėmis dienomis, atlyginimas yra skaičiuojamas pagal šventinių dienų apmokėjimo tarifus, kurie yra didesni nei viršvalandžių apmokėjimo tarifai.

Poilsio dienos

- Antroji Kalėdų diena (gruodžio 26 d.)
- Didysis ketvirtadienis
- Antroji Velykų diena
- Pirmoji vasaros diena
- Kristaus žengimo į dangų šventė
- Gegužės 1- oji (Tarptautinė darbininkų diena)
- Antroji Sekminių diena
- Pirmasis rugpjūčio pirmadienis (Prekybininkų diena)

Dirbant poilsio dienomis, atlyginimas yra skaičiuojamas pagal viršvalandžių apmokėjimo tarifus.

LÖG OG REGLUR

Samkvæmt íslensku stjórnarskránni skulu allir vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.

Íslenska lögreglan er ríkislögregla og er innanríkisráðherra yfirmaður allrar löggæslu í landinu. Dómstigin eru tvö, héraðsdómstólar og hæstiréttur.

Lög og reglur eru ekki nákvæmlega eins í neinu ríki og því er mikilvægt að kynna sér lög í nýju landi. Upplýsingavefurinn www.island.is inniheldur viðamiklar upplýsingar á íslensku og ensku, á vef Alþingis (www.althingi.is) má finna íslenska lagasafnið og á vef Stjórnarráðsins má finna lög og reglugerðir sem þýddar hafa verið yfir á ensku (www.stjornarrad.is / www.government.is).

/ 10 /

Á Íslandi gilda sérstök lög er varða réttindi barna. Öllum ber skylda til að láta vita í síma **112** ef grunur leikur á að börn séu beitt líkamlegu, andlegu eða kynferðislegu ofbeldi.

Sjálfræðisaldur er 18 ár á Íslandi. Þá fær einstaklingur lögræði, það er fjárræði og sjálfræði, ásamt því að hann öðlast kosningarrétt. Bílpróf er hægt að taka daginn sem einstaklingur verður 17 ára en leyfi til að kaupa áfengi miðast við 20 ár.

Allir sem eru 18 ára og eldri mega ganga í hjúskap og skrá sig í sambúð¹, einnig einstaklingar af sama kyni. Hægt er að fá skilnað þótt makinn vilji það ekki. Við skilnað er eignum og skuldum venjulega skipt til helminga á milli hjóna nema samningur hafi verið gerður um annað.

Samkvæmt lögum er forsjá yfir börnum sameiginleg við skilnað og sambúðarslit nema annað sé ákveðið. Foreldrar þurfa að ákveða hjá hvoru þeirra barn skuli eiga lögheimili og þar með hafa, að jafnaði, fasta búsetu. Sýslumaður getur úrskurðað um ágreining varðandi umgengnisrétt en ef ágreiningur er um forsjá þarf að vísa honum til dómstóla. Ef foreldri sem fer eitt með forsjá gengur í hjúskap þá er forsjá barns einnig hjá stjúppforeldrinu. Taki það aftur á móti upp sambúð verður forsjáin einnig hjá sambúðarforeldrinu eftir að sambúðin hefur verið skráð samfleytt í eitt ár í þjóðskrá.

Hraðakstur og akstur undir áhrifum áfengis er litinn alvarlegum augum og eru refsingar háar fjársektir, ökuleyfisvipting og varðhald við ítrekuð brot. Sektir geta einnig haft áhrif á veitingu íslensks ríkisborgararéttar.

¹ Þegar fólk er í sambúð þá býr það saman; ef fólk er í skráðri sambúð býr það saman eins og hjón og nýtur ákveðinna réttinda, til dæmis í sambandi við skatta, þó það sé ekki gift. Hægt er skrá sambúð sína hjá Þjóðskrá Íslands á þar til gerðu eyðublaði.

ĮSTATYMAI IR TAISYKLĖS

Pagal Islandijos konstituciją visi yra lygūs prieš įstatymą ir naudojami lygiomis žmogaus teisėmis nepriklausomai nuo lytinės orientacijos, religijos, įsitikinimų, tautybės, rasės, odos spalvos, ekonominės padėties, kilmės ar užimamos padėties. Moterys ir vyrai turi visiškai lygias teises.

Islandijos policija yra valstybinė policija, tiesiogiai pavaldi vidaus reikalų ministrui. Teismo instancijos yra dvi: apygardos teismas ir Aukščiausiasis teismas.

Įstatymai ir taisyklės skirtingose šalyse skiriasi, todėl labai svarbu yra susipažinti su įstatymais naujoje šalyje. Informaciniame tinklalapyje www.island.is rasite daug informacijos islandų ir anglų kalbomis, Islandijos parlamento Alþingi tinklalapyje (www.althingi.is) rasite islandų teisės kodeksą, o Vyriausybės kanceliarijos tinklalapyje rasite į anglų kalbą išverstus įstatymus ir reglamentus (www.stjornarrad.is / www.government.is).

Islandijoje galioja specialūs vaikų teises ginantys įstatymai. Visų pareiga yra pranešti telefonu 112 apie įtariamą vaikų fizinį, emocinį ar seksualinį išnaudojimą.

Islandijoje pilnametystės amžius yra apibrėžtas nuo 18 m. Sulaukęs pilnametystės asmuo tampa visiškai veiksnus, gali tvarkyti savo finansinius reikalus bei įgyja balsavimo teisę. Vairuotojo teises galima išsilaikyti tą pačią dieną, kai tik sukanka 17 m., tačiau alkoholinius gėrimus galima pirkti tik sulaukus 20 metų.

Visi -18 m. ir vyresni - turi teisę tuoktis ir įregistruoti savo partnerystę¹, taip pat ir tos pačios lyties asmenys. Išsiskirti galima net ir negavus sutuoktinio sutikimo. Skyrybų atveju visas turtas ir įsiskolinimai yra dalinami per pusę, išskyrus tuos atvejus, jei buvo sudaryta sutartis.

Pagal įstatymus išsituokus arba nutraukus partnerystę, vaikų globa priklauso abiem tėvams, nebent būtų priimtas kitoks sprendimas. Tėvai turi nuspręsti, pas kurį iš jų bus deklaruota vaiko gyvenamoji vieta, kuri taps nuolatine jo gyvenamąja vieta. Iškilus nesutarimams dėl teisės matytis su vaiku, dėl nuosprendžio reikia kreiptis pas notarą, tačiau iškilus nesutarimams dėl vaiko globos, reikia kreiptis į teismą. Jeigu asmuo, turintis vaiko globos teisę, susituokia antrą kartą, tai vaiko globos teisę įgyja ir patėvis/pamotė. Jeigu asmuo, turintis vaiko globos teisę, įregistruoja partnerystę, tai partneris po vienerių, nepertaukiamai kartu išgyventų ir Nacionaliniame registre įregistruotų, metų taip pat įgyja teisę į vaiko globą.

Greičio viršijimas ir vairavimas išgėrus traktuojami kaip labai rimti pažeidimai, už kuriuos skiriamos didelės piniginės baudos, vairuotojo teisių atėmimas ir netgi suėmimas už pasikartojančius pažeidimus. Nuobaudos gali taip pat turėti įtakos prašant Islandijos pilietybės.

¹ Neregistruotos partnerystės atveju asmenys gyvena kartu; įregistruotos partnerystės atveju asmenys gyvena kartu kaip susituokusi pora ir įgyja tam tikras teises, pavyzdžiui mokant mokesčius, nors jie ir nėra oficialiai susituokę. Partnerystę galima įregistruoti Islandijos nacionaliniame registre užpildžius atitinkamą prašymo formą.



LÖGLEG BÚSETA Á ÍSLANDI

Ríkisborgarar EES- og EFTA^{2*}-ríkja mega koma til landsins án sérstaks leyfis og dvelja eða starfa hér á landi í allt að þrjá mánuði áður en **lögheimili** er skráð og sex mánuði ef viðkomandi er í atvinnuleit. Að þeim tíma loknum er nauðsynlegt að skrá sig hjá Þjóðskrá Íslands, að því gefnu að skilyrði um framfærslu sé uppfyllt.

Sérreglur gilda fyrir norræna ríkisborgara (www.hallonorden.org).

Lögheimili manns er sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu, það er að segja hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tímstundum sínum, hefur heimilismuni sína og svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir.

/ 12 /

Allir sem dvelja eða ætla að dvelja á Íslandi í sex mánuði eða lengur skulu samkvæmt lögum eiga **lögheimili** hér á landi. Réttur til opinberrar þjónustu og aðstoðar er yfirleitt háður því að viðkomandi sé með skráð lögheimili og því er ráðlegt að lögheimili sé skráð hið fyrsta, ef einstaklingur hyggur á búsetu á Íslandi. Uppfylla þarf skilyrði um framfærslu svo unnt sé að skrá lögheimili í Þjóðskrá.

Upplýsingar um lögheimilisskráningu

Starfsfólk Þjóðskrár Íslands veitir upplýsingar um hvort einstaklingar séu skráðir með lögheimili á Íslandi.

Lögheimili verður að vera í húsi sem er skráð sem íbúðarhúsnæði í fasteignaskrá. Ekki er hægt að skrá lögheimili á gistihúsi, sjúkrahúsi, í verbúð, vinnubúðum eða öðru húsnæði af því tagi. Aðeins er hægt að eiga lögheimili á einum stað.

Allir sem hafa fengið lögheimili eru skráðir í Þjóðskrá.

Skráning vegna skammtímadvalar

Þeir sem ætla að dvelja hér á landi skemur en þrjá mánuði, eða allt að sex mánuðum í atvinnuleit, gætu þurft kennitölu til að njóta tiltekinna þjónustu. EES- og EFTA-borgarar mega vinna hér í allt að þrjá mánuði án þess að skrá lögheimili en þá þurfa þeir skattkort. Í þessum tilvikum þarf atvinnurekandi, eða sá aðili sem einstaklingur þarf þjónustu hjá, að sækja um kennitölu hjá Þjóðskrá Íslands. Viðkomandi er þá skráður á sérstaka kennitöluskrá með tímabundinn dvalarstað á Íslandi, en með lögheimili erlendis.

Ef tilgangur dvalar er að taka upp fasta búsetu á Íslandi er mælt með því að skrá lögheimili hér strax við komuna til landsins til að njóta fullra réttinda frá upphafi dvalar.

² *Ríkisborgarar Rúmeníu og Búlgaríu, sem koma hingað til lands til að stunda launaða vinnu, þurfa dvalar- og atvinnuleyf. Þeir njóta hins vegar sömu réttinda varðandi flesta þjónustu og flutning réttinda á milli landa. Upplýsingar um dvalar- og atvinnuleyf eru að finna á vef Útlendingastofnunar (www.utli.is).

LEGALUS GYVENIMAS ISLANDIJOJE

EEE ir EFTA* šalių piliečiai gali atvykti į šalį be specialaus leidimo, čia gyventi bei dirbti iki trijų mėnesių, arba iki šešių mėnesių, jeigu asmuo ieškosi darbo, nedeklaruodamas savo gyvenamosios vietos. Po to yra būtina deklaruoti savo gyvenamąją vietą Islandijos nacionaliniame registre (Þjóðskrá) ir įrodyti, kad turite pakankamai būtinų pragyvenimui lėšų.

Kitokios taisyklės galioja Šiaurės Europos šalių piliečiams (www.hallonorden.org).

Deklaruota gyvenamoji vieta yra nuolatinė asmens gyvenamoji vieta, jo būstas, kuriame jis gyvena ir paprastai praleidžia savo laisvalaikį, laiko savo daiktus bei miega, jei tik nėra kur nors trumpam išvykęs.

Visi, kurie Islandijoje apsisotja arba ketina apsisotiti šešioms mėnesiams ir ilgiau, turi pagal įstatymus deklaruoti savo gyvenamąją vietą šioje šalyje. Paprastai tik savo gyvenamąją vietą deklaravę asmenys turi teisę naudotis įvairiomis paslaugomis bei parama, todėl rekomenduojama savo gyvenamąją vietą deklaruoti iškart, kai tik apsisprendžiama gyventi Islandijoje. Norint deklaruoti gyvenamąją vietą Nacionaliniame registre (Þjóðskrá) būtina įrodyti, kad turite pakankamai būtinų pragyvenimui lėšų.

/ 13 /

Informacija apie gyvenamosios vietos deklaravimą

Informaciją ar asmenys yra deklaravę savo gyvenamąją vietą Islandijoje teikia Islandijos nacionalinio registro darbuotojai.

Deklaruota gyvenamąja vieta gali būti tik Nekilnojamojo turto kadastrė užregistruotas būstas. Deklaruota gyvenamąja vieta negali būti svečių namai, ligoninė, statybininkų namelis, darbinės ir kitokios panašaus pobūdžio patalpos. Deklaruota gyvenamoji vieta gali būti tik viena.

Gyvenamąją vietą deklaravę asmenys yra įregistruoti Nacionaliniame registre.

Trumpalaikis leidimas

Asmenims, kurie planuoja apsisotiti šalyje trumpiau nei trims arba ieškantys darbo šešioms mėnesiams, gali prirreikti asmens kodo, kad galėtų pasinaudoti tam tikromis paslaugomis. EEE ir EFTA šalių piliečiai gali dirbti šalyje tris mėnesius nedeklaruodami gyvenamosios vietos, tačiau jiems yra reikalinga mokesčių kortelė. Tokiais atvejais darbdavys arba tam tikrą paslaugą suteikiantis asmuo turi pateikti Islandijos nacionaliniam registru prašymą asmens kodui gauti. Tada asmuo yra įtraukiamas į specialius duomenų sąrašus kaip laikinai gyvenantis Islandijoje, kurio deklaruota gyvenamoji vieta yra užsienyje. Jeigu asmens atvykimo tikslas yra apsigyventi Islandijoje, rekomenduojama savo gyvenamąją vietą deklaruoti iš karto vos tik atvykus į šalį, kad nuo pat pradžių būtų galima naudotis visomis teisėmis.

*Darbo tikslais į šalį atvykstantys Rumunijos ir Bulgarijos piliečiai turi gauti leidimą gyventi ir dirbti. Tačiau, daugeliu atveju, šių šalių piliečiai turi tokias pačias teises į įvairias paslaugas bei savo teisių perkėlimą. Informaciją apie leidimą gyventi ir dirbti rasite Imigracijos tarnybos (Útlendingastofnun) tinklalapyje (www.utli.is).

Skráning vegna langtímadvalar

Ríkisborgarar ríkja sem eiga aðild að samningunum um EES og EFTA (sjá forsíðu) fylla út eyðublaðið „Skráning EES- eða EFTA-útlendinga hjá Þjóðskrár“. Eyðublaðið er unnt að nálgast á skrifstofu Þjóðskrár Íslands eða vef Þjóðskrárinnar (www.skra.is/pages/1033).

Eyðublaðið gildir bæði sem umsókn um kennitölu og lögheimilisskráningu. Kennitala er tíu stafa persónulegt auðkennisnúmer sem nauðsynlegt er að hafa.

- Útlendingur þarf að sækja um kennitölu og skráningu lögheimilis hjá Þjóðskrár Íslands.
- Útlendingur getur fengið kennitölu áður en lögheimili er skráð en kennitala er nauðsynleg til að geta fengið skattkort, stofnað bankareikning og sótt um heimasíma og nettengingu.
- Kennitala og skráning lögheimilis er ekki sami hluturinn og þótt útlendingur hafi íslenska kennitölu þá þýðir það ekki endilega að hann hafi skráð lögheimili á Íslandi.
- Útlendingur verður að skrá hér lögheimili til að njóta fullra réttinda ef hann ætlar að dveljast hér lengur en þrjú mánuði (nema hann sé í atvinnuleit, þá sex mánuði). Lengri dvöl án lögheimilisskráningar er óheimil og getur leitt til brottvísunar.

/ 14 /

Eitt mikilvægasta skilyrði þess að hægt sé að fá lögheimilisskráningu hér á landi er að geta sýnt fram á nægjanlega **framfærslu**. Það er gert með því að framvísa viðeigandi gögnum eins og ráðningarsamningi vegna vinnu, staðfestingu á skólavist ef um nám er að ræða, vottorðum sem staðfesta fjölskyldutengsl ef framfærsla kemur frá maka eða öðrum aðstandenda, staðfestingu á lífeyrisgreiðslum eða staðfestingu á nægjanlegum föstum reglubundnum greiðslum.

Til að njóta fullra réttinda þarf jafnframt að skila inn gögnum um hjúskaparstöðu.

Upplýsingar um hvaða fylgigögn önnur ber að skila með umsókninni koma fram á eyðublaðinu. Einnig er hægt að nálgast upplýsingarnar hjá Þjóðskrár Íslands (www.skra.is).

Umsækjandi verður að skila eyðublaðinu undirrituðu **í eigin persónu**, ásamt fylgigögnum (í frumriti eða staðfestu afriti) til Þjóðskrár Íslands í Reykjavík, á skrifstofur sveitarfélaga eða til sýslumannsembættis á landsbyggðinni. Ekki er tekið við gögnum sem berast í pósti, tölvupósti eða á faxi.

Þeir einstaklingar sem geta ekki framvísað viðeigandi vottorðum, til dæmis vegna þess að þeir eru í atvinnuleit, geta leitað upplýsinga og aðstoðar hjá Eures (www.eures.is) eða Fjölmenningarsetri (www.mcc.is) og víðar.

Ilgalaikis leidimas

EEE ir EFTA šalių piliečiai (žiūrėti knygelės pradžioje) turi užpildyti atitinkamą anketą „EEE ir EFTA šalių piliečių registracija Nacionaliniame registre“. Anketą rasite Islandijos nacionalinio registro biure arba Nacionalinio registro tinklalapyje (www.skra.is/pages/1033).

Asmens kodui gauti ir gyvenamajai vietai deklaruoti yra pildoma ta pati anketa. Asmens kodas yra dešimties ženklų asmens identifikacijos numeris, kurį turėti yra būtina.

- Užsienietis turi Islandijos nacionaliniame registre užpildyti anketą asmens kodui gauti bei gyvenamajai vietai deklaruoti.
- Užsienietis gali gauti asmens kodą dar prieš deklaruojant gyvenamąją vietą. Asmens kodas yra reikalingas norint gauti mokesčių kortelę, atsidaryti banko sąskaitą, įsivesti namų telefoną bei pasijungti internetą.
- Asmens kodas ir gyvenamosios vietos deklaracija nėra vienas ir tas pats. Jeigu užsienietis turi asmens kodą, tai dar nereiškia, kad jis yra deklaruavęs ir savo gyvenamąją vietą Islandijoje.
- Užsienietis, ketinantis apsistoti šalyje ilgiau nei trims mėnesiams (arba šešioms mėnesiams, jei jis ieškosi darbo), turi deklaruoti savo gyvenamąją vietą, kad galėtų naudotis visomis savo teisėmis. Ilgesnis apsistojimas nedeklaravus gyvenamosios vietos yra neteisėtas ir gali baigtis net deportacija.

Norint šalyje deklaruoti savo gyvenamąją vietą, reikia įrodyti, kad turite pakankamai būtinų pragyvenimui lėšų. Tam reikia pristatyti atitinkamas pažymas, pavyzdžiui, darbo sutartį, patvirtinimą apie priėmimą į mokyklą, jeigu asmuo mokosi, pažymą apie šeimyninius ryšius, jeigu asmuo yra išlaikomas sutuoktinio arba giminių, patvirtinimą, kad yra gaunama pensija arba kad yra gaunamos pakankamos ir pastovios pajamos.

Norint pilnai naudotis visomis savo teisėmis reikia pristatyti pažymą apie šeimyninę padėtį.

Detalesnė informacija apie reikiamus pristatyti dokumentus yra pateikta anketoje. Informacijos taip pat galima kreiptis ir į Islandijos nacionalinį registrą (www.skra.is).

Prašymo įteikėjas turi asmeniškai pristatyti užpildytą ir pasirašytą anketą su visais reikalingais dokumentais (dokumentai turi būti originalai arba patvirtintos kopijos) į Islandijos nacionalinį registrą Reikjavike, miesto savivaldybę ar notaro biurą užmiestyje. Dokumentai, kurie yra siunčiami paštu, elektroniniu paštu ar faksu, nėra priimami.

Asmenys, negalintys pristatyti reikiamų dokumentų dėl, pavyzdžiui, darbo paieškų, gali kreiptis informacijos ir pagalbos į Eures (www.eures.is) arba į Tarptautinį kultūros ir informacijos centrą (www.mcc.is) bei kitur.

Eftir að kennitala hefur verið gefin út og lögheimili skráð, sendir Þjóðskrár Íslands umsækjanda staðfestingu þess efnis á skráð lögheimili.

Nánari upplýsingar um lögheimili og kennitölu er á vefsíðu Fjölmenningsseturs (www.mcc.is) og Þjóðskrár Íslands (www.skra.is).

Flutningur lögheimilis innanlands

Ef flytja þarf lögheimili milli staða á Íslandi þarf að fylla út eyðublaðið „*Flutningstilkynning innanlands*“. Eyðublaðið er hægt að nálgast á vefsíðu Þjóðskrár Íslands (www.skra.is/pages/1031) eða á skrifstofum sveitarfélaga (www.samband.is/sveitarfelogin).

Mögulegt er að fylla eyðublaðið út á Netinu og senda það rafrænt eða prenta það út, skrifa undir og skila beint til Þjóðskrár Íslands (í pósti eða á faxi) eða á skrifstofur sveitarfélaga.

/ 16 /

Skráning úr landi

Útlendingur sem tekur aftur upp fasta búsetu erlendis þarf að skrá sig úr landi með því að fylla út flutningstilkynningu hjá Þjóðskrár Íslands. Eyðublaðið er hægt að nálgast á skrifstofum sveitarfélaga og á vefsíðu Þjóðskrár Íslands (www.skra.is/pages/1031).

Mögulegt er að fylla eyðublaðið út á Netinu og senda það rafrænt eða prenta það út, skrifa undir og skila beint til Þjóðskrár Íslands (í pósti eða á faxi) eða á skrifstofur sveitarfélaga.

Endurkoma

Útlendingur sem tekur aftur upp fasta búsetu á Íslandi þarf að fullnægja sömu kröfum og þegar hann kom í fyrsta skipti til landsins fyrir utan að hann heldur sinni fyrri kennitölu og þarf því ekki að fá nýja.

Hann þarf að fylla aftur út eyðublaðið „*Skráning EES- eða EFTA-útlendings hjá Þjóðskrár*“ og sýna fram á framfærslu og tryggingar frá og með endurkomudegi. *Sjá kaflann Skráning vegna langtímadvalar á bls. 14.*

Islandijos nacionaliniam registrui suteikus asmeniui asmens kodą ir užregistravus jo gyvenamąją vietą, yra išsiunčiamas patvirtinimas prašymo įteikėjo deklaruotos gyvenamosios vietos adresu.

Detalesnę informaciją apie gyvenamosios vietos deklaravimą ir asmens kodą rasite Tarptautinio kultūros ir informacijos centro (www.mcc.is) ir Islandijos nacionalinio registro (www.skra.is) tinklalapiuose.

Gyvenamosios vietos keitimas šalies viduje

Jei nuolatinė gyvenamoji vieta yra keičiama pačioje Islandijoje, reikia užpildyti anketą "Pranešimas apie nuolatinės gyvenamosios vietos keitimą šalies viduje". Anketą rasite Islandijos nacionalinio registro (www.skra.is/pages/1031) arba savivaldybių tinklalapiuose (www.samband.is/sveitarfelogin).

Anketą galima užpildyti internetu ir išsiųsti elektroniniu būdu arba išspausdinti, pasirašyti ir nusiųsti į Islandijos nacionalinį registrą (paštu arba faksu) arba į miesto savivaldybę.

Išsiregistravimas iš šalies

Užsienietis, vėl išvykstantis gyventi į užsienį, turi Islandijos nacionaliniame registre užpildyti išsiregistravimo iš šalies anketą. Anketą rasite savivaldybių biuruose ir Islandijos nacionalinio registro tinklalapyje (www.skra.is/pages/1031).


Anketą galima užpildyti internetu ir išsiųsti elektroniniu būdu arba išspausdinti, pasirašyti ir nusiųsti į Islandijos nacionalinį registrą (paštu arba faksu) arba į miesto savivaldybę.

Sugrįžimas

Jeigu užsienietis ir vėl sugrįžta į Islandiją, jam yra keliami tokie patys reikalavimai kaip ir pirmą kartą atvykus į šalį, tik šiuo atveju jam nereikia prašyti naujo asmens kodo, nes galioja anksčiau išduotas.

Jis ir vėl turi užpildyti anketą „EEE ir EFTA šalių piliečių registracija Nacionaliniame registre“, įrodyti, kad turi pakankamai būtinų pragyvenimui lėšų bei turėti nuo grįžimo dienos galiojantį draudimą.

Žiūrėti skyrelį Ilgalaiskis leidimas 15.





SJÚKRATRYGGINGAR

Allir sem hafa átt lögheimili á Íslandi í sex mánuði samfleytt, áður en bóta er óskað, eru sjúkratryggðir. Börn og unglingar, yngri en 18 ára sem búsett eru hér á landi, eru sjúkratryggð með foreldrum sínum eða forsjáraðilum. Sama gildir um stjúpbörn og fósturbörn.

Þeir sem framvísa viðeigandi vottorðum geta fengið sjúkratryggingu strax við flutning. Skila þarf gildu E-104 vottorði frá sjúkrasamlagi eða tryggingastofnun í fyrra heimalandi til Sjúkratrygginga Íslands eða umboða Tryggingastofnunar ríkisins á landsbyggðinni. E-104 vottorð er staðfesting á tryggingar- og starfstímabili í öðru EES- og EFTA-ríki.

Sjúkratryggingar Íslands ákvarðar hvort ríkisborgarar EES- og EFTA-ríkja fái flutt réttindi sín til Íslands.

Fylla þarf út eyðublaðið „Skráning í Tryggingaskrá“ (www.sjukra.is/media/rettindi-milli-landa/Eydublad_skraning_tryggingaskra.doc) og skila til Sjúkratrygginga Íslands eða umboða Tryggingastofnunar á sýsluskrifstofum ásamt viðeigandi fylgigögnum (E-104, E-101, E-106, E-109, E-121, staðfestingu frá skattfyrvöldum eða öðrum gögnum sem við eiga).

Þeir sem ekki geta flutt réttindi á milli landa eða hafa einungis verið tryggðir hjá einkatryggingafélagi þurfa að kaupa sjúkratryggingu hjá váttryggingafélagi sem er með starfsleyfi á Íslandi. Tryggingin þarf að gilda í sex mánuði frá skráningu lögheimilis.

Þeir sem ekki eru sjúkratryggðir þurfa að greiða hærra gjald fyrir heilbrigðisþjónustu. Upplýsingar um sjúkratryggingar eru að finna á vef Sjúkratrygginga Íslands (www.sjukra.is).

SVEIKATOS DRAUDIMAS

Savo gyvenamąją vietą deklaravę ir nepertraukiamai šešis mėnesius šalyje išgyvenę asmenys, įgauna teisę į sveikatos draudimą. Vaikai ir jaunesni nei 18 m. šioje šalyje gyvenantys paaugliai, įgauna tokias pačias teises į sveikatos draudimą kaip ir jų tėvai arba globėjai. Tas pats galioja ir povaikiams bei įvaikiams.

Tik atvykus į šalį ir pateikus reikiamas pažymas iš karto yra įgaunama teisė į sveikatos draudimą. Galiojančią E-104 pažymą iš ankstesnės gyvenamosios vietos šalies sveikatos draudimo įstaigos arba Socialinio draudimo departamento reikia pateikti Islandijos sveikatos draudimui (Sjúkratryggingar Íslands) arba Valstybinio socialinio draudimo departamento (Tryggingastofnun) skyriui už miesto ribų. E-104 pažyma yra patvirtinimas apie kitose EEE ir EFTA šalyse išdirbtą laiką bei įgautą teisę į sveikatos draudimą.

Islandijos sveikatos draudimas nusprendžia ar EEE ir EFTA šalių piliečiai gali perkelti savo teises į Islandiją.

Reikia užpildyti anketą "Registracija į Socialinio draudimo registrą".

(www.sjukra.is/media/rettindi-milli-landa/Eydublad_skraning_tryggingaskra.doc) ir ją priduoti Islandijos sveikatos draudimui (Sjúkratryggingar Íslands) arba Valstybinio socialinio draudimo departamento (Tryggingastofnun) skyriui su visais reikiamais dokumentais (E-104, E-101, E-106, E-109, E-121, patvirtinimą iš Mokesčių inspekcijos bei kitas reikalingas pažymas).

Asmenys, negalintys perkelti savo teisių į kitas šalis, ir asmenys, apsidraudę tik privačiose draudimo įstaigose, turi išsipirkti sveikatos draudimą iš Islandijoje leidimą vykdyti savo veiklą turinčios draudimo kompanijos. Sveikatos draudimas turi galioti šešis mėnesius nuo gyvenamosios vietos deklaravimo dienos.

Asmenys, neturintys sveikatos draudimo, turi mokėti didesnę kainą už suteiktas sveikatos paslaugas. Informaciją apie sveikatos draudimą rasite Islandijos sveikatos draudimo tinklalapyje (www.sjukra.is).

/ 19 /



VINNA Á ÍSLANDI

Launþegar á Íslandi njóta sömu réttinda varðandi laun og önnur starfskjör sem samtök aðila vinnumarkaðarins semja um.

Á Íslandi er óheimilt að semja um lakari kjör en almennir kjarasamningar segja til um.

Hjá Alþýðusambandi Íslands (ASÍ) er hægt að fá bækling um réttindi og skyldur á vinnumarkaði (www.asi.is).

Ráðningarsamningur

Ríkisborgarar EES-ríkja sem vinna í tvo mánuði eða lengur fyrir sama atvinnurekanda eiga rétt á því að gerður sé skriflegur ráðningarsamningur við þá. Í ráðningarsamningi á meðal annars að koma fram nafn, upplýsingar um atvinnurekanda, upplýsingar um hvar starfið sé unnið, laun, ráðningartíma, uppsagnarákvæði og aðild að lífeyrissjóði og stéttarfélagi.

Nánari upplýsingar eru að finna á vefsíðu Alþýðusambands Íslands (ASÍ) (www.asi.is), Vinnumálastofnunar (www.vinnumalastofnun.is) og vefsíðum einstakra stéttarféлага.

Mikilvægt að athuga

- Að laun séu samkvæmt kjarasamningi.
- Að vinnutími sé ekki lengri en lög og kjarasamningar leyfa.
- Að orlof sé í samræmi við lög og kjarasamninga.
- Að laun séu greidd vegna veikinda eða slysa.
- Að launaseðill fylgi þegar laun eru greidd.
- Að atvinnurekandi borgi skatt af launum.
- Að atvinnurekandi greiði gjöld til lífeyrissjóðs og stéttarfélags.

Launaseðlar

Launaseðill er skrifleg staðfesting á fjárhæð launa og gjöldum sem atvinnurekandi hefur dregið af launum, svo sem skatt- og lífeyrissjóðsgreiðslur.

Bankareikningur

Flestir atvinnurekendur borga laun beint inn á bankareikning. Bankar gera mismunandi kröfur til þeirra sem sækja um að stofna bankareikning. Allir bankar gera þó kröfu um að umsækjandi sé með kennitölu og skilríki með mynd.

Lögbundnir frídagar

Samkvæmt flestum kjarasamningum eiga þeir sem eru á föstum launum að fá greidd laun fyrir lögbundna frídaga sem lenda á vinnudegi, líkt og um hefðbundinn vinnudag sé að ræða, þótt ekki sé unnið á þeim degi. Ekki er greitt fyrir fasta yfirvinnu á þessum dögum. Ef unnið er á frídegi er greitt sérstaklega fyrir það.

DARBAS ISLANDIJOJE

Visi Islandijos darbuotojai naudojami tomis pačiomis kolektyvinėje darbo sutartyje numatytais teisėmis dėl darbo užmokesčio ir darbo sąlygų.

Islandijoje yra neteisėta tartis dėl prastesnių nei kolektyvinėje darbo sutartyje nurodytų darbo sąlygų.

Islandijos profesinių sąjungų federacijoje (ASÍ) galima gauti knygelę apie Islandijos darbo rinkoje galiojančias darbuotojo teises ir pareigas (www.asi.is).

Darbo sutartis

Du ir daugiau mėnesius pas tą patį darbdavį išdirbę EEE šalių piliečiai gali prašyti, kad būtų pasirašyta darbo sutartis. Darbo sutartyje turi būti nurodytas vardas, pateikta informacija apie darbdavį, darbo vietą, atlyginimą, įdarbinimo laikotarpį, atleidimo iš darbo sąlygas, pensijų fondą bei profesinę sąjungą. Detalesnę informaciją rasite Islandijos profesinių sąjungų federacijos (www.asi.is), Darbo biržos (www.vinnulastofnun.is) ir kai kurių savivaldybių tinklalapiuose.

/ 21 /

Svarbu atkreipti dėmesį

- Ar atlyginimas yra mokamas pagal kolektyvinėje darbo sutartyje numatytus kriterijus.
- Ar darbo laikas nėra ilgesnis nei leidžia įstatymai bei numato kolektyvinė darbo sutartis.
- Ar kasmetinės atostogos atitinka įstatymus ir kolektyvinę darbo sutartį.
- Ar mokamas atlyginimas ligos ar nelaimingo atsitikimo atveju.
- Ar gaunate atlyginimo lapelį, kai yra išmokamas atlyginimas.
- Ar darbdavys moka iš atlyginimo atskaičiuotus mokesčius.
- Ar darbdavys moka į pensijų fondą ir profesinei sąjungai.

Atlyginimo lapelis

Atlyginimo lapelis yra raštiškas patvirtinimas, kuriame yra nurodomas atlyginimo dydis bei darbdavio iš atlyginimo atskaičiuoti mokesčiai, pvz., mokesčiai valstybei ir į pensijų fondą.

Banko sąskaita

Daugelis darbdavių perveda atlyginimą tiesiai į banko sąskaitą. Bankai kelia skirtingus reikalavimus dėl banko sąskaitos atidarymo. Visi bankai reikalauja, kad būtų pateiktas asmens kodas bei asmens tapatybės kortelė su nuotrauka.

Įstatymų numatytos nedarbo dienos

Daugelyje kolektyvinių darbo sutarčių yra numatyta, jog fiksuotą atlyginimą gaunantiems darbuotojams, turi būtų mokama už įstatymų numatytas nedarbo dienas, kurios išpuola darbo dienomis, nors tą dieną ir nėra dirbama. Už reguliarius viršvalandžius nėra mokama. Jeigu nedarbo dieną yra dirbama, atlyginimas yra skaičiuojamas pagal specialų tarifą.

Lífeyrissjóður

Allt launafólk á að borga í lífeyrissjóð. Það fær greitt úr lífeyrissjóði þegar það lýkur störfum vegna aldurs eða örorku. Atvinnurekanda ber að halda eftir ákveðnum hluta launa starfsmanns sem nefnist iðgjald, en það er sá hluti sem greiddur er til lífeyrissjóðs, ásamt mótfamlagi frá atvinnurekandanum sjálfum.

Vandamál á vinnustað

Ef upp koma vandamál í samskiptum á vinnustað er hægt að leita eftir upplýsingum og aðstoð hjá trúnaðarmönnum á vinnustað, stéttarfélagi eða Fjölmenningssetri.

Stærstu stéttarfélögin eru Efling-stéttarfélag (www.efling.is), VR (www.vr.is) og heildarsamtök stéttarféлага eins og Bandalag háskólamanna (BHM) (www.bhm.is) og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB) (www.bsrb.is).

Vinnuvernd

Vinnueftirlit ríkisins er miðstöð vinnuverndarstarfs í landinu. Hlutverk Vinnueftirlitsins er að tryggja að gætt sé að öryggi starfsmanna, hafa eftirlit með vinnuáðstöðu þeirra og að ráðstafanir séu fyrir hendi til að koma í veg fyrir slys á vinnustað. Upplýsingar um Vinnueftirlitið ásamt upplýsingaefni um öryggi á vinnustað eru á vef Vinnueftirlitsins (www.vinnueftirlit.is).

Mat á námi

Mat á menntun getur bætt stöðu fólks á vinnumarkaði, aukið möguleika á vinnu og hækkað laun.

Ýmis ráðuneyti hafa umsjón með námsmati og viðurkenningu á starfsréttindum erlendis frá. Nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð eru að finna á vef Menntagáttar (www.europass.is).

Atvinnuleysisbætur

Þeir sem missa vinnuna geta leitað eftir aðstoð hjá Vinnumálastofnun vegna atvinnuleitar. Vinnumálastofnun sér jafnframt um skráningu atvinnulausra og greiðslu atvinnuleysisbóta.

Upplýsingar um atvinnuleysisbætur er að finna hjá verkalýðsfélögum og vefsíðum Vinnumálastofnunar (www.vinnumalastofnun.is og www.eures.is).

„Svört vinna“

Það er ólöglegt að stunda launaða vinnu sem ekki er gefin upp til skatts. Launuð vinna sem ekki er gefin upp til skatts er kölluð *svört vinna*. Ef upp kemst um svarta vinnu þá er lágmarkssekt tvöföld sú fjárhæð sem annars hefði verið skattskyld. Ef laun eru svikin undan skatti borgar atvinnurekandi ekki þau gjöld sem þarf að greiða, til dæmis vegna slysatriyggingar starfsmanns, réttinda hans til veikindadaga og orlofs, enginn réttur ávinnt hjá lífeyrissjóðum og réttur til atvinnuleysisbóta skerðist.

Ef óvissa ríkir um atvinnuskráningu er hægt að leita til stéttarféлага, samtaka stéttarféлага og Fjölmenningsseturs.

Pensijų fondas

Visi darbuotojai moka į pensijų fondą. Išmokos iš pensijų fondo yra mokamos tik nustojus dirbti dėl senatvės pensijos amžiaus arba dėl invalidumo. Darbdaviai turi atskaičiuoti iš darbuotojo atlyginimo įmokas į pensijų fondą ir jas sumokėti. Įmokas darbuotojo naudai į pensijų fondą turi mokėti ir darbdavys.

Problemų darbe

Jeigu darbe iškyla bendravimo sunkumų, informacijos ir pagalbos galima kreiptis į darbo vietos patikėtinį, profesinę sąjungą arba į Tarptautinį kultūros ir informacijos centrą.

Didžiausios profesinės sąjungos yra Efling profesinė sąjunga (www.efling.is), VR (www.vr.is) bei jungtinės profesinės sąjungos, tokios kaip Mokslo darbuotojų profesinė sąjunga (BHM) (www.bhm.is), Valstybinių įstaigų ir savivaldybės darbuotojų profesinė sąjunga (BSRB) (www.bsrb.is).

Darbo sauga

Islandijos darbo saugos ir profesinės sveikatos tarnyba (Vinnueftirlit) yra šalies darbų saugos centras. Islandijos darbo saugos ir profesinės sveikatos tarnybos paskirtis yra užtikrinti, kad būtų paisoma darbuotojų saugumo, stebėti darbo sąlygas bei prižiūrėti, kad darbo vietose būtų saugos priemonės, padedančios išvengti nelaimingų atsitikimų. Informaciją apie Islandijos darbo saugos ir profesinės sveikatos tarnybą bei darbo saugą rasite Islandijos darbo saugos ir profesinės sveikatos tarnybos tinklalapyje (www.vinnueftirlit.is).

Studijų pripažinimas

Studijų pripažinimas gali pagerinti darbuotojų padėtį darbo rinkoje, padidinti galimybes įsidarbinti bei gauti geresnį atlyginimą.

Užsienyje baigtų studijų bei profesinės kvalifikacijos įvertinimą ir pripažinimą atlieka įvairios ministerijos. Detalesnę informaciją ir anketas rasite Vartų į mokslo pasaulį tinklalapyje (www.europass.is).

Bedarbio pašalpa

Netekus darbo, dėl darbo paieškos reikia kreiptis į Darbo biržą. Darbo biržos vykdoma veikla yra susijusi ir su bedarbių registracija bei bedarbio pašalpos mokėjimu.

Informaciją apie bedarbio pašalpas rasite profesinių sąjungų ir Darbo biržos tinklalapiuose (www.vinnu-malastofnun.is ir www.eures.is).

„Juodas darbas“

Nelegalu yra gauti atlyginimą už darbą ir nemokėti mokesčių valstybei. Darbas, už kurį yra gaunamas atlyginimas, bet nemokami mokesčiai valstybei, yra vadinamas juodu darbu. Minimali bauda už juodą darbą yra dviguba atlyginimo suma, nuo kurios būtų skaičiuojami mokesčiai valstybei. Jeigu nėra mokami mokesčiai valstybei, tai darbdavys nemoka ir įvairių įmokų, pvz., draudimo nuo nelaimingų atsitikimų ir ligos, nemoka į atostoginių sąskaitą bei pensijų fondą, sumažėja darbuotojo galimybės gauti bedarbio pašalpą.

Jeigu darbuotojui kyla įtarimas dėl darbo legalumo, išsamesnės informacijos galima kreiptis į profesinę sąjungą, profesinių sąjungų susivienijimą ir Tarptautinį kultūros ir informacijos centrą.



SKATTAR

Allir sem vinna á Íslandi eru skattskyldir. Skattur af tekjum einstaklinga skiptist í tekjuskatt til ríkisins annars vegar og útsvar³ til sveitarfélags hins vegar.

Tekjuskattur er þrepaskiptur og fer skatthlutfallið eftir tekjum launþega. Á vefsíðu Ríkisskattstjóra (www.rsk.is) er að finna upplýsingar um staðgreiðslu skatta miðað við fjárhæð tekna.

Atvinnurekandi tekur staðgreiðslu af launum starfsmanns en starfsmaðurinn á rétt á fastri fjárhæð í skattafslátt (persónuafslátt⁴) í hverjum mánuði. Atvinnurekandi getur ekki tekið tillit til persónuafsláttar sem kortið veitir nema að hafa skattkortíð undir höndum (www.rsk.is).

/ 24 /

Skattkort

Skattyfirvöld gefa út skattkort. Ríkisborgari EES-ríkis sem flytur lögheimili sitt til Íslands fær sent skattkort þegar lögheimili hans hefur verið skráð hjá Þjóðskrá Íslands.

Greiddir skattar koma fram á launaseðli. **Nauðsynlegt er að varðveita launaseðlana til að sanna að skattar hafi verið greiddir.**

Einstaklingar í hjónabandi, staðfestri samvist eða skráðri sambúð geta samnýtt persónuafslátt sinn. Nánari upplýsingar eru á vef Ríkisskattstjóra (www.rsk.is).

Ef þú færð ekki sent skattkort eftir að þú hefur fengið lögheimilisskráningu skaltu sækja um skattkort hjá Ríkisskattstjóra eða skattstofum.

Skattframtal

Allir þeir sem eru skattskyldir á Íslandi þurfa að skila skattframtali á hverju ári, venjulega í marsmánuði. Þar skal telja fram heildarlaun ársins á undan, ásamt skuldum og eignum.

Ef greitt hefur verið of mikið eða of lítið í skatt er það leiðrétt í ágúst sama ár og skattframtali er skilað. Sá sem hefur greitt minna en honum er skylt þarf að greiða það sem upp á vantar og sá sem hefur greitt meira en honum er skylt fær mismuninn endurgreiddan.

Talið er fram á Netinu (www.skattur.is) og er veflykill (aðgangsorð og lykilorð) sendur á lögheimili allra skattgreiðenda, 16 ára og eldri. Sé skattframtali ekki skilað áætla skattstjóri tekjur og álögd gjöld eru reiknuð samkvæmt því.

Á vefslóð Ríkisskattstjóra (www.rsk.is) er að finna eyðublað skattframtals og bækling um skattlagningu á Íslandi á ensku, finnsku, norsku, sænsku, frönsku, spænsku, þýsku, pólsku og rússnesku.

3 Útsvar er einn af tekjustofnum sveitarfélaga, ákveðið hlutfall sem tekið er af launum, óháð tekjum launþega. Útsvarsprósenta getur verið mishá eftir sveitarfélögum.

4 Almennur persónuafsláttur er föst fjárhæð sem allir launþegar fá í skattafslátt og dregst frá skattgreiðslum launþega.

MOKESČIAI

Visi Islandijoje dirbantys asmenys privalo mokėti mokesčius. Asmenys moka dviejų rūšių mokesčius: pelno mokestį valstybei ir pelno mokestį savivaldybei³. Pelno mokesčio valstybei struktūra yra pakopinė, tai yra atskaičiuojamas pajamų mokesčio dydis priklauso nuo darbuotojo atlyginimo dydžio. Valstybinių mokesčių departamento (Ríkisskattstjóri) tinklalapyje (www.rsk.is) rasite informaciją apie pajamų mokesčio dydį.

Darbdavys atskaičiuoja mokesčius iš darbuotojo atlyginimo. Darbuotojas turi teisę kiekvieną mėnesį gauti tam tikrą fiksuotą mokesčių nuolaidą (asmeninę mokesčių lengvatą⁴).

Darbuotojas privalo pateikti darbuotojui mokesčių kortelę, kad būtų galima pasinaudoti asmenine mokesčių lengvata (www.rsk.is).

Mokesčių kortelė

Mokesčių kortelę išduoda mokesčių institucijos. EEE šalių piliečiams mokesčių kortelė yra atsiunčiama paštu, kai tik yra deklaruojama gyvenamoji vieta Islandijos nacionaliniame registre.

/ 25 /

Atlyginimo lapelyje yra nurodyta atskaičiuotų mokesčių suma. **Būtina yra išsaugoti atlyginimų lapelius kaip įrodymą, kad mokesčiai buvo mokami.**

Susituokę ar savo partnerystę įregistravę asmenys gali naudotis vienas kito asmenine mokesčių lengvata. Detalesnė informacija Valstybinių mokesčių departamento tinklalapyje (www.rsk.is).

Jeigu deklaravus savo gyvenamąją vietą jums nėra atsiunčiama mokesčių kortelė, turite kreiptis į Valstybinių mokesčių departamentą arba į kitas mokesčių institucijas.

Metinė pajamų mokesčio deklaracija

Visi Islandijos mokesčių mokėtojai privalo kartą metuose, paprastai kovo mėnesį, pateikti metinę pajamų mokesčio deklaraciją. Ten yra nurodomos visos praėjusių metų pajamos, turimas turtas ir skolos.

Jeigu yra sumokėta per mažai arba per daug mokesčių, tai yra ištaisoma tų pačių metų rugpjūčio mėnesį. Asmuo, sumokėjęs mažiau mokesčių nei priklauso, turi sumokėti skirtumą, o asmeniui, sumokėjusiam daugiau mokesčių nei priklauso, yra gražinama.

Metinė pajamų mokesčio deklaracija yra pildoma internetu (www.skattur.is), o raktas (prisijungimo kodas ir slaptažodis) yra atsiunčiamas deklaruotos vietos adresu visiems 16 metų ir vyresniems mokesčių mokėtojams. Nepateikus metinės pajamų mokesčio deklaracijos, mokesčių komisaras paskaičiuoja mokesčius pagal santykinę pajamas.

Valstybinių mokesčių departamento tinklalapyje (www.rsk.is) rasite metinės pajamų mokesčio deklaracijos formą ir knygelę apie Islandijos pajamų mokesčio dydžius anglų, suomių, norvegų, švedų, prancūzų, ispanų, vokiečių, lenkų ir rusų kalbomis.

³ Pelno mokestis savivaldybei yra vienas iš savivaldybės pajamų šaltinių. Atitinkamas mokestis yra atskaičiuojamas iš darbuotojų atlyginimo nepriklausomai nuo atlyginimo dydžio. Pelno mokesčio dydis skirtingose savivaldybėse įvairuoja.

⁴ Asmeninę mokesčių lengvatą sudaro fiksuota suma, kuri yra atskaičiuojama iš pelno mokesčio valstybei sumos.



GREIÐSLUR TIL BARNAFJÖLSKYLDNA

Fæðingarorlof

Foreldrar sem hafa verið í vinnu í sex mánuði eða lengur á Íslandi eiga rétt á launuðu orlofi við fæðingu barns, við ættleiðingu barns eða við varanlegt fóstur barns yngra en átta ára. Foreldrar fá annaðhvort orlofsgreiðslu⁵ eða fæðingarstyrk⁶ úr Fæðingarorlofssjóði en það fer eftir stöðu þeirra á vinnumarkaði. Mælst er til þess að fólk haldi áfram að borga gjöld til stéttarfélags meðan á fæðingarorlofi stendur, ef slíkt er ekki gert tapast þau réttindi sem viðkomandi hefur hjá sínu stéttarfélagi.

Þeir sem hafa áunnið sér réttindi í ríki sem á aðild að EES-samningnum geta í mörgum tilfellum flutt þau réttindi með sér til Íslands. Foreldri þarf þá að láta tilskilin vottorð um áunnin starfstímabil og tryggingatímabil í öðru ríki fylgja með umsókn. Þeir sem ekki eru í vinnu eiga rétt á fæðingarstyrk ef þeir hafa verið búsettir og með lögheimili á Íslandi í tólf mánuði eða lengur.

Upplýsingar um fæðingarorlof, fæðingarstyrk og foreldraorlof er á vef Fæðingarorlofssjóðs (www.faedingarorlof.is).

Barnabætur

Barnabætur eru greiðslur frá hinu opinbera til þess að aðstoða barnafólk. Fjársýsla ríkisins greiðir barnabætur út fjórum sinnum á ári, 1. febrúar, 1. maí, 1. ágúst og 1. nóvember.

Barnabætur eru greiddar út í fyrsta sinn árið eftir að barn fæðist eða flyst til landsins.

Greiddar eru barnabætur vegna barna að 18 ára aldri og út árið sem þau verða 18 ára. Við ákvörðun barnabóta er tekið tillit til tekna foreldra eða forsjáraðila samkvæmt skattframtali og eru barnabæturnar greiddar eftir á. Ekki þarf að sækja um barnabætur vegna barna sem búa hjá foreldri eða forsjáraðila á Íslandi.

Ríkisborgarar EES-ríkja sem vinna hér á landi geta átt rétt á barnabótum með börnum sem eru á framfæri þeirra og eru búsett í öðru EES-ríki. Sækja þarf sérstaklega um þær bætur.

Á vef Ríkisskattstjóra (www.rsk.is) er að finna upplýsingar um barnabætur og eyðublið vegna greiðslu barnabóta á nokkrum tungumálum.

⁵ Orlofsgreiðslur eru mánaðarlegar greiðslur til foreldris. Starfshlutfall sex mánuði fyrir fæðingu barns þarf að vera að minnsta kosti 25% til að fá orlofsgreiðslur. Mánaðarleg greiðsla nemur 75 eða 80% af meðaltali heildarlauna. Nánari upplýsingar eru á vef Fæðingarorlofssjóðs (www.faedingarorlof.is).

⁶ Fæðingarstyrkur er mánaðarlegar greiðslur til foreldris sem er utan vinnumarkaðar, í fullu námi eða í minna en 25% starfi. Fjárhæð fæðingarstyrks er lægri en fjárhæð fæðingarorlofs.

IŠMOKOS VAIKUS AUGINANČIOMS ŠEIMOMS

Motinytės/tėvystės atostogos

Tėvai, Islandijoje išdirbę ilgiau nei šešis mėnesius, turi teisę į motinytės/tėvystės atostogas gimus vaikui, įsivaikinus arba tapus jaunesnio nei aštuonerių metų vaiko globėjais. Priklausomai nuo išdirbto laikotarpio tėvams Vaiko priežiūros atostogų fondas (Fæðingarorlofsjóður) moka motinytės/tėvystės pašalpa⁵ arba gimdymo pašalpa⁶. Išėjus motinytės/tėvystės atostogų rekomenduojama ir toliau mokėti įmokas profesinei sąjungai, nes kitu atveju yra prarandamos atitinkamoje profesinėje sąjungoje įgytos teisės.

Kitose EEE šalyse tam tikras teises įgyję asmenys gali daugeliu atvejų jas perkelti ir į Islandiją. Pildant prašymą dėl motinytės/tėvystės atostogų, reikia pridėti ir reikalingas pažymas apie kitoje šalyje išdirbtą laiką ir draudimo laikotarpį. Nedirbantys asmenys turi teisę gauti gimdymo pašalpa, jeigu jie yra deklaravę savo gyvenamąją vietą ir gyvena Islandijoje dvylika ir daugiau mėnesių.

Informaciją apie motinytės/tėvystės atostogas, gimdymo ir motinytės/tėvystės pašalpas rasite Vaiko priežiūros atostogų fondo (www.faedingarorlof.is) tinklalapyje.

/ 27 /

Išmokos už vaikus

Išmokas už vaikus moka valdžios institucijos kaip pagalbą vaikus auginančioms šeimoms. Valstybės finansų skyrius moka išmokas už vaikus keturis kartus per metus: vasario 1d., gegužės 1d., rugpjūčio 1 d. ir lapkričio 1 d.

Pirmą kartą išmokos už vaikus yra mokamos praėjus metams po vaiko gimimo arba atvykimo į šalį.

Išmokos šeimai yra mokamos už vaikus iki 18 m. imtinai. Išmokų už vaikus dydis priklauso nuo tėvų ar globėjų metinėje pajamų mokesčio deklaracijoje nurodytų pajamų ir yra mokamos už praėjusius metus. Specialaus prašymo išmokoms už Islandijoje su tėvais ar globėjais gyvenančius vaikus gauti pildyti nereikia.

Islandijoje dirbantys EEE šalių piliečiai, išlaikantys kitoje EEE šalyje gyvenančius vaikus, turi teisę į išmokas už vaikus. Tokioms išmokoms gauti reikia rašyti specialų prašymą.

Valstybinių mokesčių departamento tinklalapyje (www.rsk.is) rasite informaciją keliomis kalbomis apie išmokas už vaikus ir reikalingas anketas.

⁵ Motinytės/tėvystės pašalpa yra mokama kiekvieną mėnesį. Teisę į motinytės/tėvystės pašalpa turi mažiausiai 25% šešis mėnesius darbo rinkoje išdirbę asmenys. Mėnesinės išmokos sudaro 75 arba 80% vidutinio atlyginimo. Detalesnę informaciją rasite Vaiko priežiūros atostogų fondo (www.faedingarorlof.is) tinklalapyje.

⁶ Gimdymo pašalpa yra mokama kiekvieną mėnesį. Teisę į gimdymo pašalpa turi darbo neturintys, pilnose studijų programose studijuojantys arba mažiau nei 25% dirbantys tėvai. Gimdymo pašalpos suma yra mažesnė nei motinytės/tėvystės pašalpos.

Meðlag

Einstæðir foreldrar eiga rétt á greiðslu meðlags frá hinu foreldrinu. Meðlag er greiðsla með eigin barni til foreldris sem barnið hefur lögheimili hjá.

Foreldrar geta ákveðið fyrirkomulag meðlagsgreiðslna sín á milli eða í gegnum Tryggingastofnun ríkisins. Foreldrum ber að framfæra barn sitt að minnsta kosti til 18 ára aldurs og 20 ára ef barn er í námi.

Tryggingastofnun ríkisins sér um að borga meðlag, eftir úrskurð frá sýslumanni, skili meðlagsgreiðslur sér ekki frá því foreldri sem ber að greiða meðlagið.

Óheimilt er að semja um lægri fjárhæð en lágmarksmeðlag. Ef ágreiningur kemur upp um meðlagsgreiðslur skal leita til sýslumanns (www.syslumenn.is).

Upplýsingar um meðlag og meðlagsgreiðslur eru á vef Tryggingastofnunar ríkisins (www.tr.is).

/ 28 /



Alimentai

Kartu su vaiku negyvenantis tėvas (motina) turi mokėti alimentus. Alimentai yra mokami vienam iš tėvų pagal vaiko gyvenamosios vietos deklaraciją.


Tėvai gali tarpusavyje susitarti dėl alimentų mokėjimo arba kreiptis į Valstybinį socialinio draudimo departamentą (Tryggingastofnun). Alimentai yra mokami mažiausiai iki 18 m. ir iki 20 m., jei vaikas ir toliau tęsia mokslus.

Valstybinis socialinio draudimo departamentas yra atsakingas už alimentų mokėjimą, jeigu pagal notaro nutarimą, alimentus mokėti turintis asmuo yra nemokus.

Mokėti mažesnius nei minimalaus dydžio alimentus yra neteisėta. Iškilus nesutarimams dėl alimentų mokėjimo kreipkitės į notarą (www.syslumenn.is).

Informaciją apie alimentus ir jų mokėjimo tvarką rasite Valstybinio socialinio draudimo departamento tinklalapyje (www.tr.is).

/ 29 /





HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA

Allir eiga rétt á neyðaraðstoð hjá hinu opinbera heilbrigðiskerfi á Íslandi.

- Neyðaraðstoð, alvarleg slys og veikindi – **112**
- Sameiginlegt neyðarnúmer á Íslandi er 112.
- Hvar sem er á landinu er hægt að hringja í 112 og leita eftir hjálp.
- Allir geta hringt í 112 úr venjulegum síma (landlínu) og farsímum (GSM) þar sem samband næst.

/ 30 /

Túlkun innan heilbrigðisþjónustunnar

Sjúklingur sem ekki talar íslensku á rétt samkvæmt lögum á túlkun upplýsinga um heilsufar, fyrirhugaða meðferð og önnur hugsanleg úrræði.

Sé þörf á túlki þarf að taka það fram þegar tími er pantaður hjá lækni á heilsugæslustöð eða sjúkrahúsi.

Það er viðkomandi stofnun sem ákveður hvort hún greiði fyrir túlkþjónustu.

Heilsugæsla og heimilislæknar

Heilsugæslustöðvar eru um allt land og í öllum hverfum höfuðborgarsvæðisins. Þar er veitt öll almenn heilbrigðisþjónusta og þangað leitar fólk **jafnan fyrst** vegna veikinda eða annarra heilsufarsvandamála.

Fólk á rétt á að leita til hvaða heilsugæslustöðvar sem er en æskilegt er að snúa sér til heilsugæslustöðvar sem er næst heimili viðkomandi.

Auk almennrar læknisþjónustu sinna heilsugæslustöðvar mæðravernd, ung- og smábarnavernd, skólaheilsugæslu og hjúkrun í heimahúsum.

Börn, undir 18 ára aldri, eru undanþegin komugjaldi á heilsugæslur og gjaldi vegna vitjana lækna í heimahús. Ósjúkratryggð börn greiða fullt gjald.

Upplýsingar um heilbrigðismál og staðsetningu heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu má finna á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins á dönsku, ensku og pólsku (www.heilsugaeslan.is).

Upplýsingar um staðsetningu heilsugæslustöðva um land allt eru á vef velferðar-ráðuneytisins (www.velferdarraduneyti.is/hbr/stofnanir/heilsugaeslan/nr/31457).

MEDICINOS PASLAUGOS

Nelaimės atveju Islandijos valstybinės medicinos įstaigos visiems privalo suteikti būtinosios medicinos pagalbos paslaugas.

- Nelaimės, nelaimingo atsitikimo ir ligos atvejais skambinti – **112**
- Bendras skubios pagalbos telefonas Islandijoje yra 112.
- Skambinti telefonu 112 ir prašyti suteikti pagalbą galima iš bet kurios šalies vietos.
- Esant ryšio zonoje, skubios pagalbos telefonu 112 galima skambinti ir iš namų telefono (paprasto telefono linija), ir iš mobilaus ryšio telefono (GSM).

Vertėjavimas medicinos paslaugų sferoje

Islandų kalba nekalbantis pacientas pagal įstatymus turi teisę į vertėją, kad jam būtų išversta informacija apie jo sveikatos būklę, numatomą gydymą bei kitus galimus gydymo būdus.

Jeigu yra reikalingos vertėjo paslaugos reikia apie tai pranešti iš karto, kai yra užsakomas laikas pas gydytoją poliklinikoje ar ligoninėje.

Atitinkama įstaiga nusprendžia ar bus padengtos vertėjavimo išlaidos.

Poliklinikos ir šeimos gydytojai

Poliklinikos yra visuose šalies regionuose bei sostinės rajonuose. Čia yra teikiamos pirminės sveikatos priežiūros paslaugos. Ligos ar sveikatos sutrikimo atveju žmonės pirmiausiai turi kreiptis į poliklinikas.

Žmonės gali kreiptis į bet kurią šalies polikliniką, tačiau pageidautina, kad būtų kreipiamasi į esančią arčiausiai namų.

Be pirminių sveikatos priežiūros paslaugų poliklinikos dar teikia sveikatos priežiūros paslaugas gimdyvėms, kūdikiams ir vaikams, namų slaugos paslaugas bei rūpinasi sveikatos priežiūra mokyklose.

Jaunesniems nei 18 m. vaikams registracijos mokesčio poliklinikoje mokėti nereikia, nemokama yra ir gydytojo vizitacija į namus.

Informaciją apie medicinos paslaugas ir poliklinikų išsidėstymą sostinės rajonuose rasite Sostinės pirminės sveikatos priežiūros įstaigų tinklalapyje (www.heilsugaeslan.is) danų, anglų ir lenkų kalbomis.

Informaciją apie visų šalies poliklinikų išsidėstymą rasite Socialinės gerovės ministerija (velferðarráðuneyti) tinklalapyje (www.velferðarraduneyti.is/hbr/stofnanir/heilsugaeslan/nr/31457).

-



LÆKNISÞJÓNUSTA UTAN OPNUNARTÍMA HEILSUGÆSLUSTÖÐVA

Után opnunartíma heilsugæslustöðva eru ávallt heilsugæslulæknar á vakt við allar heilsugæslustöðvar á landsbyggðinni. Ef þörf er á lækniþjónustu utan opnunartíma heilsugæslustöðva á höfuðborgarsvæðinu, það er um kvöld, nætur eða helgar, sinnir Læknavaktin þessari þjónustu að Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, eða í síma **1770**.

Lækniþjónusta utan opnunartíma er dýrari.

Tannlæknaþjónusta

Tannlæknaþjónusta á Íslandi er veitt á einkareknum tannlæknastofum. Það er á ábyrgð foreldra að fara með börnin sín í reglulegt eftirlit til tannlæknis.

/ 32 /

Sjúkratryggingar Íslands endurgreiða hluta kostnaðar fyrir börn, ellilífeyrisþega og örorkulífeyrisþega. Þriggja ára, sex ára og tólf ára börn eiga rétt á eftirliti og forvörnum hjá tannlækni einu sinni á ári, sér að kostnaðarlausu.

Tannlæknafélag Íslands er með heimasíðu þar sem finna má tannlækna eftir landsvæðum (www.tannsi.is/tannlaeknar).

Neyðarþjónusta tannlækna á höfuðborgarsvæðinu er opin um helgar og á stofutíma á virkum dögum. Hægt er að hafa samband í síma **575 0505**. Upplýsingar um tannlækni á vakt eru á heimasíðu Tannlæknafélags Íslands (www.tannsi.is/neydarvakt-tfi). Ef neyðartilfelli kemur upp um kvöld eða að nóttu til er sjúklingum bent á að snúa sér til bráðamóttöku sjúkrahúsanna.

Lyf

Í apótekum eru seld lyf ásamt smávöru sem yfirleitt tengjast heilsu á einhvern hátt. Þar er bæði hægt að kaupa verkjalyf sem ekki eru lyfseðilsskyld og þangað er hægt að fara með lyfseðil frá lækni til þess að fá lyfseðilsskyld lyf afhent.

Listi yfir lyfjaverslanir og apótek er að finna á vefsíðu Fjölmeningarseturs (www.mcc.is/heilsa/apotek).

Landlæknisembættið hefur eftirlit með allri heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Hjá embættinu er hægt að fá upplýsingar um heilbrigðisþjónustu og þangað er hægt að leita vilji fólk kvarta yfir þjónustu heilbrigðiskerfisins (www.landlaeknir.is).

MEDICINOS PASLAUGOS PO POLIKLINIKOS DARBO VALANDŲ

Pasibaigus už sostinės ribų esančių poliklinikų darbo valandoms, medicininę pagalbą suteiks budintys gydytojai. Pasibaigus sostinės rajonuose esančių poliklinikų darbo valandoms, nakties metu ar savaitgalį, medicininę pagalbą teikia Budintys gydytojai adresu Smáratorgi 1, 201 Kópavogi arba telefonu **1770**.

Už po darbo valandų suteiktas medicinos paslaugas mokėti reikia brangiau.

Stomatologijos paslaugos

Islandijoje stomatologijos paslaugas teikia privatūs stomatologijos kabinetai. Tėvai turi patys pasirūpinti, kad vaikai reguliariai lankytųsi pas stomatologą.

Islandijos sveikatos draudimas (Sjúkratryggingar Íslands) padengia dalį stomatologijos išlaidų vaikams, pensininkams ir žmonėms su negalia. Trejų, šešerių ir dvylikos metų vaikams kartą per metus yra atliekamas nemokamas profilaktinis dantų patikrinimas.

Islandijos stomatologų asociacijos tinklalapyje (www.tannsi.is/tannlaeknar) rasite stomatologų sąrašą pagal šalies regionus.


Skubi stomatologo pagalba sostinės apylinkėse yra teikiama darbo valandomis ir savaitgaliais. Telefonas pasiteiravimui - **575 0505**. Informaciją apie budintį stomatologą rasite Islandijos stomatologų asociacijos tinklalapyje (www.tannsi.is/neydarvakt-tfi). Skubios stomatologo pagalbos prireikus vakare arba naktį, kreipkitės į ligoninės priimamąjį.

Vaistai

Vaistinėse yra parduodami vaistai bei kitos smulkios, paprastai su sveikata susijusios prekės. Vaistinėse galima įsigyti ir be recepto, ir su receptu parduodamus vaistus.

Vaistinių ir vaistų parduotuvių sąrašą rasite Tarptautinio kultūros ir informacijos centro tinklalapyje (www.mcc.is/heilsa/apotek).

Sveikatos tarnyba yra atsakinga už sveikatos paslaugų teikimą Islandijoje. Šioje tarnyboje galite gauti informacijos apie medicinos paslaugas bei pateikti nusiskundimus dėl medicinos įstaigose teikiamų paslaugų kokybės (www.landlaeknir.is).





HÚSNÆÐI

Að leigja húsnæði

Íbúðir til leigu eru oftast auglýstar í dagblöðum. Fólki í húsnæðisleit, sem býr utan höfuðborgarsvæðisins, er ráðlagt að leita upplýsinga á skrifstofu síns sveitarfélags.

Húsaleigusamningur

Mikilvægt er að gera skriflegan [húsaleigusamning](#)⁷ við leigusala þegar íbúð er tekin á leigu. Það þarf að kynna sér vel skilmála samningsins, svo sem reglur um tryggingu, uppsagnarfrest og fleira.

/ 34 /

Eyðublöð fyrir húsaleigusamning á íslensku, ensku, spænsku og pólsku er hægt að nálgast á vefsíðu velferðarráðuneytisins (www.velferdarraduneyti.is/malaflokkar/husnaedismal/eydublod) og Fjölmenningsseturs (www.mcc.is). Húsaleigusamninga er einnig hægt að nálgast á skrifstofum sveitarfélaga og hjá Íbúðalánasjóði (www.ils.is).

Húsaleigubætur sveitarfélaga

Ef þú átt lögheimili á Íslandi getur þú sótt um [húsaleigubætur](#)⁸ hjá félagsþjónustu sveitarfélaga. Hvort húsaleigubætur fáiast greiddar og fjárhæð þeirra fer eftir leigufjárhæð, tekjum og fjölskyldustærð viðkomandi.

Áður en hægt er að sækja um húsaleigubætur verður að vera búið að [þinglýsa](#)⁹ leigusamningi hjá sýslumanni sem gildir í að minnsta kosti sex mánuði.

Upplýsingar um húsaleigubætur má fá hjá félagsþjónustu sveitarfélaganna og hjá velferðarráðuneytinu. Ef búið er á gistiheimili, í atvinnuhúsnæði eða herbergi fást húsaleigubætur ekki greiddar.

Upplýsingar og reiknivél fyrir húsaleigubætur eru á vef velferðarráðuneytisins (www.velferdarraduneyti.is/malaflokkar/husnaedismal/husaleigubaetur/reikniforrit).

Rafmagn, heitt vatn, sími og Netið

Þegar flutt er inn í íbúð er mikilvægt að láta lesa af mælum vegna rafmagns og hita svo leigjandi/kaupandi greiði einungis fyrir sína notkun.

Skrifstofur sveitarfélaga geta gefið upplýsingar um fyrirtæki sem selja rafmagn og heitt vatn í sveitarfélaginu.

Nokkur símafyrirtæki eru starfrækt á Íslandi og bjóða þau upp á mismunandi verð og þjónustu fyrir síma og nettengingu. Best er að leita beint til símafyrirtækjanna til að fá upplýsingar um þá þjónustu og það verð sem þau bjóða.

⁷ Húsaleigusamningur er samningur sem leigjandi gerir við leigusala um leigufjárhæð og fleira

⁸ Húsaleigubætur eru styrkur sem fólk getur fengið frá sveitarfélagi eftir ákveðnum reglum til að greiða hluta af húsaleigu fyrir húsnæðið sem það býr í.

⁹ Þinglýsing samninga miðar að því að skrá þá opinberlega til þess að tryggja og vernda réttindi þeirra sem samningana varða.

BŪSTAS

Būsto nuoma

Apie nuomojamus būstus dažniausiai yra skelbiama laikraščiuose. Būsto nuomos už sostinės ribų ieškantiems asmenims patariama kreiptis į vietos savivaldybę.

Būsto nuomos sutartis

Nuomojant būstą yra svarbu su nuomotoju sudaryti raštišką nuomos sutartį⁷. Būtina susipažinti su nuomos sutarties sąlygomis, pvz., draudimu, nuomos sutarties nutraukimo taisyklėmis ir kita.

Būsto nuomos sutarties anketas islandų, anglų, ispanų ir lenkų kalbomis rasite Socialinės gerovės ministerija (www.velferdarraduneyti.is/malaflokkar/husnaedismal/eydublod) bei Tarptautinio kultūros ir informacijos centro (www.mcc.is) tinklalapiuose.

Būsto nuomos sutarties anketas taip pat galite rasti vietos savivaldybėse bei Būsto finansavimo fondo tinklalapyje (www.ils.is).

/ 35 /

Savivaldybės būsto nuomos pašalpa

Jeigu esate Islandijoje deklaravęs savo gyvenamąją vietą, galite kreiptis dėl pašalpos būsto nuomai⁸ į savivaldybės Socialinės rūpybos skyrių. Ar gausite pašalpą būsto nuomai ir koks bus jos dydis priklauso nuo būsto nuomos kainos, jūsų pajamų bei šeimos dydžio.

Prieš pateikiant prašymą dėl pašalpos būsto nuomai, reikia nuomos sutartį patvirtinti notariškai⁹, kurios galiojimas turi būti ne trumpesnis nei šeši mėnesiai.

Dėl informacijos apie pašalpas būsto nuomai kreipkitės į vietos savivaldybės Socialinės rūpybos skyrių arba Socialinės gerovės ministerija. Jeigu gyvenamoji vieta yra svečių namai, darbinės patalpos ar kambarys, būsto nuomos pašalpa nėra mokama.


Informaciją apie būsto nuomos pašalpas bei būsto nuomos pašalpos skaičiuoklę rasite Socialinės gerovės ministerija tinklalapyje (www.velferdarraduneyti.is/malaflokkar/husnaedismal/husaleigubetaur/reikniforrit).

Elektra, karštas vanduo, telefonas ir internetas

Įsikėlus gyventi į butą reikia pasirūpinti, kad būtų patikrinti elektros ir šildymo skaitliukai, kad nuomininkas/pirkėjas mokėtų tik už savo sąnaudas.

Dėl informacijos apie elektros ir karšto vandens tiekėjus kreipkitės į vietos savivaldybę.

Islandijoje yra keletas telefono kompanijų, siūlančių skirtingas telefono ir prisijungimo prie interneto paslaugas bei kainas. Dėl informacijos apie teikiamas paslaugas ir jų kainas geriausiai kreiptis tiesiogiai į telefono kompanijas.



⁷ Būsto nuomos sutartis – tai sutartis sudaroma tarp nuomotojo ir nuomininko, joje nurodoma nuomos kaina bei kita informacija.

⁸ Būsto nuomos pašalpa yra išmoka, kurią, išpildžius atitinkamus reikalavimus, žmonėms skiria savivaldybė, daliai nuomos išlaidų padengti.

⁹ Notariškas nuomos sutarties patvirtinimas yra oficialus sutarties įforminimas nuomos sutarties sudarytojų teisėms užtikrinti.



ÞJÓNUSTA SVEITARFÉLAGA

Sveitarfélög bjóða upp á ýmiss konar þjónustu. Öll sveitarfélög eiga samkvæmt lögum að bjóða upp á grunnþjónustu á ákveðnum sviðum.

Sveitarfélög reka leikskóla og grunnskóla og bera ábyrgð á félagsþjónustu. Félagsþjónusta getur meðal annars falist í fjárhagsaðstoð og aðstoð vegna húsnæðismála. Sveitarfélög bera jafnframt ábyrgð á barnavernd.

Réttur til félagsþjónustu, sem á að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi íbúa, er byggður á því að viðkomandi eigi lögheimili í sveitarfélaginu sem sótt er um aðstoð hjá.

Vegna skilyrða í lögum um útlendinga, þar sem fram kemur að framfærsla útlendinga skuli vera trygg, þá getur fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi haft áhrif á rétt til skráningar lögheimilis og umsókn um ríkisborgararétt. Önnur aðstoð frá sveitarfélagi, svo sem vegna fjölskylduerfiðleika, vegna barna og ungmenna, skilnaðar eða heimilisofbeldis, hefur ekki áhrif.

Húsaleigubætur hafa hvorki áhrif á lögheimilisskráningu né umsókn um ríkisborgararétt.

Ef þörf er á þjónustu sveitarfélags er hægt að panta viðtal á skrifstofu sveitarfélagsins. Sum sveitarfélög bjóða upp á túlkun við slíkar aðstæður. Leikskólar og grunnskólar eiga að leitast við að veita foreldrum aðstoð túlks vegna samskipta þeirra við skóla barna sinna.

Þegar þú flytur til Íslands og skráir lögheimili þitt í ákveðnu sveitarfélagi þá sækir þú um þjónustu þar. Þú getur til dæmis sótt um húsaleigubætur, þjónustu dagforeldra og um leikskólaláss, skráð börn í grunnskóla, fengið upplýsingar um fyrirtæki sem selja hita og rafmagn, um sorpflokkun, tómstundir, íslenskukennslu og margt fleira.

SOCIALINĖS SAVIVALDYBIŲ PASLAUGOS

Savivaldybės teikia įvairias paslaugas. Pagal įstatymus visoms savivaldybėms yra privalu suteikti atitinkamas socialines paslaugas.

Savivaldybės išlaiko darželius ir mokyklas bei yra atsakingos už socialinę rūpybą. Į socialinių paslaugų spektrą įeina, pvz., pagalba sprendžiant finansines bei būsto problemas. Savivaldybės yra atsakingos ir už vaikų teisių apsaugą.

Teisę į savivaldybių teikiamas socialines paslaugas, kurios turi užtikrinti gyventojų finansinį ir socialinį stabilumą, turi tik toje savivaldybėje savo gyvenamąją vietą deklaruavę asmenys.

Pagal įstatymus šalyje gyvenantys užsieniečiai privalo įrodyti, kad jie turi būtinų pragyvenimui lėšų, todėl gauta finansinė parama iš savivaldybės gali turėti neigiamos įtakos deklaruojant savo gyvenamąją vietą bei pateikiant prašymą dėl pilietybės gavimo. Kita, iš savivaldybės gauta parama, pvz., atsiradus problemoms šeimoje, iškilus sunkumams dėl vaikų ir paauglių, skyrybų ar smurto šeimoje atvejais, neigiamos įtakos neturi.

Būsto nuomos pašalpa neigiamos įtakos gyvenamosios vietos deklaravimui ir prašymui dėl pilietybės gavimo neturi.

Norint gauti tam tikrą paslaugą, reikia užsisakyti laiką pokalbiui vietos savivaldybėje. Kai kurios savivaldybės tokiais atvejais siūlo vertėjo paslaugas. Darželiai ir mokyklos turi stengtis suteikti tėvams vertėjo paslaugas, kad būtų užtikrintas sėkmingas bedradarbiavimas.

Atvykus į Islandiją ir deklaruavus savo gyvenamąją vietą atitinkamoje savivaldybėje, ten ir kreipiatės dėl įvairių paslaugų, pavyzdžiui, dėl pašalpos būsto nuomai, auklės, vietos darželyje, registracijos į mokyklą. Čia galite gauti informaciją apie elektros ir karšto vandens tiekėjus, atliekų rūšiavimą, laisvalaikio užimtumo programas, islandų kalbos kursus ir kita.





SKÓLAKERFIÐ

Samkvæmt lögum hafa allir jafnan rétti til náms án tillits til kyns, fjárhags, búsetu, trúar, fötlnar og menningarlegs eða félagslegs uppruna.

Dagforeldrar

Dagforeldrar annast gæslu barna í heimahúsum. Starfstími er virka daga og er dvalartími barna mismunandi, en aldrei lengri en níu klukkustundir í senn.

Flest börn í gæslu hjá dagforeldrum eru á aldrinum eins til þriggja ára, þó geta yngri eða eldri börn verið í gæslu hjá dagforeldrum.

Dagforeldrar eru sjálfstætt starfandi og ákvarða yfirleitt sína gjaldskrá sjálfir en borga þarf fyrir dvöl hjá dagforeldri.

Sveitarfélög niðurgreiða hluta kostnaðar ef dagforeldrið er með leyfi frá sveitarfélaginu til að starfa sem dagforeldri.

Hægt er að fá upplýsingar um dagforeldra á skrifstofum sveitarfélaga.

Leikskóli

Leikskólar eru fyrir börn frá tólf mánaða aldri til sex ára aldurs en það er mismunandi eftir leikskólum og sveitarfélögum hve gömul börnin eru þegar þau fá pláss.

Foreldrum er frjálst að ákveða hvort börn fari í leikskóla eða ekki. Langflest börn á Íslandi ganga í leikskóla. Litið er á leikskólann sem fyrsta skólastigið og leikskólagöngu sem mikilvægan undirbúning að grunnskólagöngu.

Sveitarfélög niðurgreiða kostnað vegna leikskóla en foreldrar borga hluta kostnaðar sjálfir.

Sótt er um leikskólavist hjá viðkomandi sveitarfélagi.

Stundum er bið eftir pláss í leikskóla og er því fólk ráðlagt að sækja um pláss svo fljótt sem kostur er, jafnvel áður en barnið er nógu gamalt til að fá pláss.

Grunnskóli

Grunnskólanám er skylda. Grunnskóli er fyrir börn á aldrinum 6–16 ára og er miðað við fæðingarár barnsins. Nám í grunnskóla er ókeypis.

Mismunandi er eftir sveitarfélögum hvar hægt er að skrá börn í skóla. Hægt er að fá upplýsingar um það hjá þjónustumiðstöðvum í Reykjavík eða á skrifstofu viðkomandi sveitarfélags (www.reykjavik.is, www.samband.is, www.mcc.is/sveitarfelagid).

Í mörgum sveitarfélögum geta börn farið á frístundaheimili eða í heilsdagsskóla eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur. Greiða þarf fyrir slíka þjónustu.

ŠVIETIMO SISTEMA

Pagal įstatymus visi turi lygias teises į mokslą nepriklausomai nuo lyties, ekonominės padėties, gyvenamosios vietos, tikėjimo, negalios, kultūros ar socialinės kilmės.

Auklės

Auklės prižiūri vaikus savo namuose. Vaikai prižiūrimi darbo dienomis, o vaikų buvimo laikas yra įvairus, tačiau negali būti ilgesnis nei devynios valandos.

Daugelis auklių prižiūrimų vaikų yra nuo vienerių iki trejų metų amžiaus, tačiau prižiūrimi gali būti tiek jaunesnio, tiek vyresnio amžiaus vaikai.

Auklės yra laisvai samdomos ir pačios nustato įkainius. Auklės paslaugos yra mokamos.

Savivaldybės padengia dalį auklės išlaidų, jeigu auklė turi savivaldybės leidimą vaikų priežiūrai.

Informaciją apie aukles teikia vietos savivaldybė.

Darželis

Į darželį vaikai priimai nuo dvylikos mėnesių iki šešerių metų amžiaus. Kokio amžiaus sulaukęs vaikas jau gali pradėti lankyti darželį priklauso nuo atitinkamo darželio bei savivaldybės.

Tėvai patys nusprendžia, ar vaikas lankys darželį, ar ne. Daugelis vaikų Islandijoje lanko darželį. Darželis yra pirmoji formalusis švietimo pakopa, o jo lankymas yra svarbus vaiko pasiruošimas į mokyklą.

Dalį darželio išlaidų dengia savivaldybė, o dalį vaikų tėvai.

Prašymą dėl priėmimo į darželį reikia pateikti vietos savivaldybei.

Kartais susidaro eilės laukiančiųjų pakliūti į darželį, todėl rekomenduojama vaikus į darželį užrašyti kiek įmanoma anksčiau, nelaukiant, kol jie sulauks darželinuko amžiaus.

Pagrindinė mokykla

Mokslas pagrindinėje mokykloje yra privalomas. Pagrindinę mokyklą lanko 6 – 16 metų vaikai, o mokyklinis amžius nustatomas pagal vaiko gimimo metus. Mokslas pagrindinėje mokykloje yra nemokamas.

Skirtingose savivaldybėse skiriasi, kur galima užrašyti vaikus į mokyklą. Informaciją apie tai teikia Reikjaviko socialinių paslaugų centrai arba vietos savivaldybės (www.reykjavik.is, www.samband.is, www.mcc.is/sveitarfelagid).


Pasibaigus pamokoms mokykloje, daugelis savivaldybių siūlo vaikams popamokinę veiklą arba priežiūrą po pamokų. Šios paslaugos yra mokamos.

Móðurmálskennsla

Margar rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi þess að foreldrar tali móðurmál sitt við börnin sín. Sums staðar er boðið upp á móðurmálskennslu fyrir börn, ýmist af sveitarfélaginu eða í samstarfi foreldra.

Öll bókasófn á Íslandi eru í samstarfi sín á milli við að bjóða upp á bækur fyrir börn á ýmsum tungumálum.

/ 40 /



Gimtosios kalbos mokymas

Daugelis atliktų tyrimų rodo, jog tėvų bedravimas su vaikais gimtąja kalba yra labai svarbus. Kai kurios savivaldybės, atskirai arba bendradarbiaudamos su tėvais, organizuoja gimtosios kalbos pamokas vaikams.

Visos Islandijos bibliotekos tarpusavyje bendradarbiauja, siekdamos vaikams pasiūlyti knygų įvairiomis kalbomis.



FRAMHALDSNÁM

Framhaldsskóli

Allir sem hafa lokið grunnskóla á Íslandi, eða sambærilegu námi erlendis, geta stundað nám í framhaldsskóla.

Nám í framhaldsskóla er ekki skylda.

Borga þarf innritunargjöld í framhaldsskóla á Íslandi en þau eru mismunandi eftir skólum.

Nánari upplýsingar um framhaldsskóla er hægt að finna á vef menntamálaráðuneytisins (www.menntamalaraduneyti.is/stofnanir) og í upplýsingabæklingnum „Nám að loknum grunnskóla“ sem nálgast má á vef Fjölmenningsseturs (www.mcc.is).

Háskóli

Nemendur sem hefja nám í háskóla þurfa að hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu námi.

Sjö skólar bjóða upp á menntun til háskólagráðu. Greiða þarf innritunargjald í Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Landbúnaðarháskóla Íslands og Háskólann á Hólum. Borga þarf skólagjöld í aðra skóla.

Nánari upplýsingar um háskóla eru á vef menntamálaráðuneytisins (www.menntamalaraduneyti.is/stofnanir).

Bókasöfn

Bókasöfn eru öllum opin. Á bókasöfnum er hægt að nálgast bækur á íslensku og öðrum tungumálum, alfræðiorðabækur, orðabækur og önnur uppflettirit. Flest bókasöfn bjóða upp á netaðgang.

ÍSLENSKUKENNSLA FULLORÐINNA

Margar stofnanir og fyrirtæki bjóða upp á íslenskukennslu fyrir útlendinga. Kostnaður við að skrá sig á námskeið getur verið mismunandi og stundum eru þau ókeypis. Sum stéttarfélög veita styrki til íslenskunáms. Hægt er að afla sér upplýsinga hjá viðkomandi stéttarfélagi.

Upplýsingar um íslenskunámskeið og námskeiðshaldara er hægt að nálgast á vef Fjölmenningsseturs (www.mcc.is).

TOLESNĖS STUDIJOS

Aukštesnioji vidurinė mokykla

Visi, Islandijoje pagrindinę mokyklą arba panašius mokslus užsienyje baigę mokiniai, gali toliau tęsti mokslus aukštesniojoje vidurinėje mokykloje.

Mokslas aukštesniojoje vidurinėje mokykloje nėra privalomas.

Islandijos aukštesniosiose vidurinėse mokyklose yra registracijos mokesčiai. Kiekvienoje mokykloje registracijos mokesčio dydis skiriasi.

Detalesnę informaciją apie aukštesniąsias vidurines mokyklas rasite Kultūros ir švietimo ministerijos tinklalapyje (www.menntamalaraduneyti.is/stofnanir) bei informacinėje knygelėje Mokslų tęsimas baigus pagrindinę mokyklą, kurią rasite Tarptautinio kultūros ir informacijos centro tinklalapyje (www.mcc.is/tenglar/baeklingar).

/ 43 /

Universitetas

Norint tęsti studijas universitete, reikia turėti aukštesniosios vidurinės mokyklos brandos atestatą arba būti baigus panašius mokslus.

Septyni universitetai siūlo aukštojo mokslo studijų programas. Registracijos mokestį reikia mokėti Islandijos universitete, Akureyri universitete, Islandijos žemės ūkio universitete ir Hólar universitete. Kituose universitetuose mokslas yra mokamas.

Detalesnę informaciją apie universitetus rasite Kultūros ir švietimo ministerijos tinklalapyje (www.menntamalaraduneyti.is/stofnanir).

Bibliotekos

Bibliotekos yra atviros visiems informacijos vartotojams. Bibliotekose rasite knygų islandų bei kitomis kalbomis, enciklopedijas, žodynus bei kitus informacinius leidinius. Beveik visos bibliotekos siūlo interneto paslaugas.

ISLANDŲ KALBOS KURSAI SUAUGUSIEMS

Įvairios firmos bei mokymo įstaigos organizuoja islandų kalbos kursus užsieniečiams. Kursų kainos yra labai skirtingos, o kartais jie yra ir nemokami. Kai kurios profesinės sąjungos padengia dalį išlaidų. Dėl detalesnės informacijos kreipkitės į savo profesinę sąjungą.

Informaciją apie islandų kalbos kursus bei jų organizatorius rasite Tarptautinio kultūros ir informacijos centro tinklalapyje (www.mcc.is).

ISBN: 978-9979-799-28-3

Publisher: The Immigration Council

Chief Editors: Multicultural Centre,
Ari Klængur Jónsson and Elsa Arnardóttir
Ministry of Welfare, Linda Ros Alfreðsdóttir

Design: Gunnar R Kristinsson / Ímyndunarafl Ltd.

Printing: Ísafold printing

Útgefandi: Innflytjendaráð

Umsjón: Fjölmenningssetur,
Ari Klængur Jónsson og Elsa Arnardóttir,
velferðarráðuneyti, Linda Rós Alfreðsdóttir

Hönnun og umbrot: GRK / Ímyndunarafl ehf.

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja